



2. apríl 2024

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 147. mál á 154. löggjafarþingi**

*Tillaga til þingsályktunar um eignarrétt og erfð lífeyris*

Hagsmunasamtök heimilanna hafa lengi verið fylgjandi hugmyndum um endurskoðun lífeyriskerfisins með því markmiði að veita sjóðfélögum aukin áhrif á stjórn þeirra ásamt meira valfrelsi um ólíka kosti og sparnaðarform, eins og er lagt til í ofangreindri þingsályktunartillögu.

Samtökin eru sérstaklega fylgjandi a-lið tillögunnar, þess efnis að fólk geti valið á milli þess að greiða skyldubundinn lífeyrissparnað í sjóð sem veitir hlutfallslega réttindaávinnslu, eða að greiða inn á sérgreindan reikning þar sem hægt sé að velja hvernig lífeyrir verði ávaxtaður.

Sú hugmynd sem kemur fram í b-lið tillögunnar, að við andlát gangi lífeyrisréttindi að erfðum til maka og barna að fullu, hefur hingað til ekki komið til umfjöllunar á vettvangi samtakanna. Samtökin geta því ekki tekið afgerandi afstöðu til hennar að svo stöddu, en myndu þó fagna allri gagnrýnni umræðu um slíkar hugmyndir í því skyni að leiða í ljós hugsanlega kosti og galla þeirra.

Með lögum nr. 55/2022 var gerð breyting á lögum um skyldtryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til að innleiða svokallaða tilgreinda séreign. Þannig geta einstaklingar nú ráðstafað tilteknum hluta skyldubundins lífeyrissparnaðar til myndunar séreignar í stað sameignar. Einnig hefur verið lagt fram frumvarp um aukið valfrelsi einstaklinga um til hvaða fjárfestingarkosta víðbótarlífeyrissparnaði þeirra skuli ráðstafað (þingskjal 1361 - 916. mál. á 154. löggjafarþingi). Slíkar breytingar koma mögulega að einhverju leyti til móts við ofangreindar tillögur en Hagsmunasamtök heimilanna hvetja þó til þess að fyrirkomulag lífeyrismála verði áfram til skoðunar með því markmiði að einstaklingar hafi frelsi til að velja þau form lífeyrissparnaðar sem nýtast þeim best.

- 0 -

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Guðmundur Ásgeirsson, varaformadur@heimilin.is